



Verðbólgan jókst í nóvember en minna en búist var við

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,35% milli mánaða í nóvember og mælist verðbólga nú 4,8% í samanburði við 4,5% í október. Þetta var minni hækkun en búist var við, en við höfðum spáð +0,5% milli mánaða.

Mest áhrif til hækkunar hafði kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) sem hækkaði um 1,1% milli mánaða (áhrif á vísitölu: 0,18%), bensín og olíur sem hækkuðu um 1,9% milli mánaða (áhrif á vísitölu: 0,06%) og húsgögn og heimilishúnaður sem hækkuðu um 0,9% (áhrif á vísitölu: 0,06%). Mest áhrif til lækkunar höfðu póstur og sími sem lækkaði um 1,4% (áhrif á vísitölu: -0,02%).


3,0% verðbólga án húsnæðis

Vísitala neysluverðs án húsnæðis¹ hækkaði um 0,16% milli mánaða og mælist 3,0% verðbólga á þann mælikvarða. Verðbólga án húsnæðis lækkaði nokkuð hratt í sumar, en hún sló hæst í 4,8% í mars. Ársþækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis er núna búin að vera í kringum 3% í þrjú mánuði samfleytt.


Framlag húsnæðis heldur áfram að aukast

Alls jókst ársverðbólgan um 0,3 prósentustig milli mánaða. Þar af jókst framlag húsnæðis um 0,2 prósentustig og framlag innfluttra vara um 0,1 prósentustig.

Framlag húsnæðis til ársverðbólgu er nú 2,2%, en var 0,4% í nóvember á síðasta ári. Alls hefur framlag húsnæðis til ársverðbólgu aukist um 1,9 prósentustig á einu ári, en á þessu tímabili hefur framlag bæði innfluttra og innlendra vara lækkað. Hins vegar hefur framlag þjónustu hækkað lítillega.



Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond

¹ Það er vísitala neysluverðs án reiknaðrar húsaleigu, leiguverðs, viðhalds og viðgerða á húsnæði, og kalds vatns, sorphirðu og holræsa.



Árshækkun húsnæðiskostnaðar er 10,8%

Árshækkun húsnæðiskostnaðar er nú 10,8%. Þar er árshækkun kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) 13,1%. Hækkun húsnæðisverðs eins og Hagstofan mælir og notar í útreikningi á reiknaðri húsaleigu er 16,0%, en framlag vaxtabreytinga er 2,9 prósentustig til lækkunar. Það vantar enn nokkuð í að hækkunartakturinn nái aftur þeim gildum sem við sáum 2016, en þá fór árshækkunin hæst í 24,2% í júlí. Ólíkt því sem nú er hjálpaði vaxtaliðurinn ekki til, en áhrif vaxtabreytinga voru óveruleg þá.


Af öðrum liðum í húsnæðiskostnaði hefur viðhald og viðgerðir á húsnæði hækkað nokkuð meira en vísitalan í heild, eða 6,1%. Inni í þeim lið er meðal annars launakostnaður, en árshækkun vísitölu launa í október mældist 7,6%.

Kalt vatn, fráveita og sorphirða hefur einnig hækkað nokkuð meira en vísitalan í heild, eða 5,3%. Nýlega [tilkynnti Sorpa](#) um 31% hækkun á gjaldskrá sinni um næstu áramót, þannig að það er viðbúið að þessi liður hækki nokkuð þá.


Greidd húsaleiga, það er leiguverð út frá þinglýstum leigusamningum, hefur einungis hækkað um 2,9% seinustu tólf mánuði, sem er sama árshækkun og Þjóðskrá mælir í vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu.

Árshækkun bensíns 23,5%


Bensín og olíur hækkuðu um 1,9% milli mánaða og er árshækkunin 23,5%. Hækkunin skýrist af hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu, en fatið af Brent stendur huna í 83 Bandaríkjadöllum. Til samanburðar kostaði fatið af Brent að meðaltali 43 Bandaríkjadali í nóvember 2020. Alls hefur verðið á Brent tæplega tvöfaldast á einu ári og er komið yfir verðið sem gildi áður en heimsfaraldurinn skall á.



Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond




Heimild: Macrobond



Matarkarfan hefur hækkað um 1,7% á einu ári

Loks má geta að matarkarfan hefur einungis hækkað um 1,7% síðan nóvember 2020. Meðal annars hafa ávextir lækkað um 4,7% og grænmeti um 2,4%. Hins vegar hefur fiskur hækkað um 4,6%, kjöt um 4,1% og olíur og feitmeti um 4,1%.



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.